

1539. FUNDUR FLUGRÁÐS

Þriðjudaginn 6. maí 2008 var haldinn fundur í flugráði og var fundur settur kl. 14:15.

Viðstödd voru: Gunnlaugur S. Stefánsson, Gísli Baldur Garðarsson, Árni Gunnarsson, Lárus Atlason og Jóna Kristín Þorvaldsdóttir, Jens Bjarnason boðaði forföll.

Frá Flugmálastjórn: Pétur K. Maack og Sveinn V. Ólafsson

Frá samgönguráðuneyti: Jóhann Guðmundsson, Karl Alvarsson, Eiríkur Bjarnason og Ástríður S. Thorsteinsson sem sat fundinn frá fjórða lið.

Formaður bauð nýjan ráðsmann velkominn Jónu Kristínu Þorvaldsdóttur.

1. Fundargerðir 1538. fundar

Fundargerð 1538. fundar flugráðs var lögð fyrir og samþykkt.

2. Frumvarp til laga um Keflavíkurflugvöll

Karl Alvarsson, lögfræðingur SGR, kynnti frumvarp til laga um Keflavíkurflugvöll fyrir flugráði og þær helstu breytingar sem það hefur í för með sér. Flugráð skilaði, eftir síðasta fund ráðsins, umsögn til þingsins um frumvarpið þar sem frumvarið var stutt.

Flugmálastjóri upplýsti að Flugmálastjórn Íslands hefði einnig fengið frumvarpið til umsagnar og skilað til þingsins umsögn þar sem frumvarpið var stutt.

Breytingin á Keflavíkurflugvelli tekur væntanlega gildi 1. júní þegar hið nýja félag verður stofnað en félagið tekur væntanlega ekki yfir starfsemina fyrr en 1. janúar 2009.

Formaður segir að það séu veruleg tímamót í flugsögunni að öll starfsemin á Keflavíkurflugvelli er komin undir íslenska stjórn og frumvarpið tryggir þá skipan til framtíðar.

3. Útblástur í flugi

Evrópusambandið er að undirbúa að setja á tilskipun varðandi útblásturskvóta í flugi. Stýrihópur var settur á laggirnar til að fara í saumana á hver áhrif þess yrðu á flug á Íslandi og starfssemi íslenskra flugrekenda. Í stýrihópnum sitja fulltrúar þriggja

ráðuneyta ásamt flugmálastjóra sem og formanni flugráðs sem einnig er formaður stýrihópsins.

Eiríkur Bjarnason, verkfræðingur í samgönguráðuneytinu og Sveinn V. Ólafsson, verkfræðingur hjá Flugmálastjórn, sem unnið hafa með stýrihópnum, gerðu grein fyrir starfinu og upplýstu að það væri nú á lokastigi.

Fram kom að flugráði yrði gerð grein fyrir niðurstöðum þegar nefndin hefði lokið skýrslugerðinni.

Málið var rætt og einhugur var um að hér væri tímabært verk unnið.

Samþykkt að flugráð athugi að standa fyrir opnum kynningarfundum í samráði við samgönguráðherra um skýrsluna þegar hún liggur fyrir.

4. Reglugerð um flug- vinnutímamörk og hvíldartíma flugáhafna

Lögð voru fyrir fundinn drög að Reglugerð um flug- og vinnutímamörk og hvíldartíma flugverja frá 3. apríl 2008. Í viðauka I við drögin var Q-Kafla JAR-OPS um Flugvinnutímamörk og reglur um hvíldartíma. Í viðauka II voru Orðskýringar.

Ástríður S. Thorsteinsson, lögfræðingur SGR kynnti drögin og sagði að starfshópur hefði verið settur á með tilstuðlan SGR með það að markmiði að ná til allra hagsmunaaðila. Ástríður sagði að þökkaleg sátt væri meðal flugverja um þessa reglugerð en einhverjar athugasemdir hefðu borist frá flugrekendum.

5. Reglugerðir um réttindi fatlaðra og hreyfihamlaða einstaklinga sem ferðast með flugi.

Lögð voru fyrir fundinn drög að Reglugerð um flutning fatlaðra og hreyfihamlaðra einstaklinga með stórum flugvélum og drög að reglugerð um réttindi fatlaðra og hreyfihamlaðra einstaklinga sem ferðast með flugi. Í fylgiskjali I var Reglugerð Evrópuþingsins og Ráðsins (EB) nr. 1107/2006 frá 5. júlí 2006 um réttindi fatlaðs og hreyfihamlaðs fólks sem ferðast með flugi (Texti sem varðar EES). Í viðauka I var Aðstoð sem framkvæmdastjórn flugvalla ber ábyrgð á og í viðauka II Aðstoð frá flugrekendum. Einnig fylgdi með samantekt á efni reglugerðar um réttindi fatlaðra og hreyfihamlaðra farþega sem ferðast með flugi.

Ástríður S. Thorsteinsson, lögfræðingur SGR kynnti drögin en gert er ráð fyrir að reglugerðirnar taki gildi eftir miðjan júlí 2008.

Formaður segir þessar reglugerðir mikla réttarbót fyrir farþega með gildistöku þeirra verða allir einstaklingar velkomnir í flug.

Flugráð fagnar þessum reglugerðum.

6. Breytingar á Joint Finance Agreement Samningi um greiðslur fyrir flugleiðsögu á Norður-Atlantshafi

Flugmálastjóri kynnti tillögu að breytingu á Joint Finance Samningi er varðar greiðslur fyrir flugleiðsöguþjónustu á Norður Atlantshafi. Breyting felst fyrst og fremst í því að eingöngu þeir sem fljúga inn í flugstjórnarsvæði Íslands borga fyrir þjónustuna en þeir sem fara sunnan við svæðið þurfa ekki lengur að greiða. Breytingin felur í sér aukinn kostnað fyrir íslenska flugrekendur en í raun má segja að þeir hafi notið góðs af kerfinu eins og það var áður þar sem þjónustan var niðurgreidd af þeim sem fóru sunnan við íslenska flugstjórnarsvæðið. Flugmálastjóri sagði breytinguna gera kerfið gagnsærra, skilvirkara og réttlátara. Megin markmið breytingarinnar er að sá sem nýtir sér þjónustuna greiði fyrir hana.

Reiknað er með þriggja ára aðlögunartímabili.

Ákveðið var að fresta umræðum til næsta fundar flugráðs og óska eftir því að forstjóri Flugstoða ohf. geri þá grein fyrir áhrifum þessara breytinga á hans rekstur.

7. Samgönguráð

a) Samgöngur og byggðaðróun – Kynningarfundur 17. apríl 2008

Á málstofu samgönguráðs um samgöngur og byggðaðróun sem haldin var 17. apríl s.l. var flugmálastjóri með erindi um áhrif flugs á byggðaðróun. Flugmálastjóri kynnti flugráði megin niðurstöður fyrirlestrar hans. (Umfjöllun um fyrirlesturinn sem og glærurnar sem flugmálastjóri notaði á málstofunni má finna inni á heimasíðu Flugmálastjórnar Íslands www.caa.is)

8. Önnur mál

Flugdagurinn verður 24. maí að frumkvæði Flugmálafélagsins en Icelandair, Flugstoðir og Flugfélag Íslands koma þar að.

1539. fundi flugráðs var slitið kl. 16:35

Næsti fundur flugráðs er áætlaður fimmtudaginn 22. maí í húsakynnum Flugmálastjórnar Íslands að Skógarhlíð 12.

Gunnlaugur S. Stefánsson
formaður

Gísli Baldur Garðarsson
varaformaður

Árni Gunnarsson

Jens Bjarnason

Lárus Atlason

Jóna Kristín Þorvaldsdóttir

Pétur K. Maack
flugmálastjóri

Valdís Ásta Aðalsteinsdóttir
ritari